

Menntamálanefnd, iðnaðarnefnd og allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. mars 2002

Efni: Frumvörp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, 549. mál, frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð, 539. mál og frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, 553. mál

Mikilvægi rannsókna og þróunarstarfs fyrirtækja og í þágu almennrar velferðar hefur líklega aldrei verið meira en einmitt nú. Það efast fáir lengur um að fjárfesting í rannsóknum og þróun getur verið arðvænleg forsenda framfara og bættra lífsgæða. Verðmætin í þessu ferli verða helst til í höndum einstaklinga og fyrirtækja og skila sér í formi söluvara, lausna og þekkingar sem aftur nýtist til að auka verðmæti, finna betri lausnir og bæta lífsgæði. Skynsamleg fjárfesting í þessum efnum skili sér þannig inn í þjóðarbúið með margföldunarhrifum. Það er því ekki tilviljun að þær þjóðir sem náð hafa lengst í lífsgæðum og verðmætasköpun standi efst á þeim kvarða sem mælir útgjöld til rannsókna og þróunarstarfs sem hlutfall af þjóðarframleiðslu.

Markmið þeirra þriggja stjórnarfrumvarpa sem nú liggja fyrir er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stöðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Frumvarp um Vísinda- og tækniráð setur almennan ramma um skipan ráðsins og hlutverk þess í stefnumörkun vísinda- og tæknimála. Þá er kveðið á um tvískiptingu starfseminnar í vísindanefnd og tækninefnd.

Frumvörp menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra kveða á um stofnun Rannsóknasjóðs og tækjasjóðs annars vegar og Tækniþróunarsjóðs hins vegar. Þá er í þessum frumvörpum komið inn á skipulag þjónustumiðstöðva vísindarannsókna annars vegar og nýsköpunar hins vegar.

Í ljósi þess stutta frestar sem nú er gefinn vilja Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins áskilja sér fullan rétt til að bæta við athugasemdum á síðari stigum þar sem marga ólíkra hagsmuna er að gæta í þessum málaflokki. Megin sjónarmið Samtakanna er að æskilegt hefði verið að frumvörpin byggðu á skýrri stefnumótun sem víðtæk sátt væri um í atvinnulífinu og nýsköpunarumhverfi þess. Því miður þá byggir þessi vinna á takmarkaðri aðkomu hagsmunaaðila að málinu.

Samtökin telja að skoða þyrfti betur heildarmyndina af nýsköpunarumhverfi atvinnulífsins, áður en að ráðist er í umfangsmiklar breytingar á einum afmörkuðum þætti hennar. Nauðsynlegt væri að skilgreina betur þá árangursmælikvarða og

markmið sem ætlunin er að ná fram með þessum breytingum, til að tryggja sem víðtækasta sátt um framkvæmdina. Í þessu sambandi þyrfti að huga sérstaklega að stefnumótunarferlinu sjálfu og aðkomu atvinnulífs og annarra hagsmunaaðila að því. Inn í þá mynd þarf að taka framtíðarþróun rannsókna- og menntastofnana, samspil þeirra í milli og tengslin við atvinnulífið. Þá ættu fleiri sjóðir og áhættufjármagnsaðilar einnig að koma inn í þessa mynd.

Þrátt fyrir ágalla á því ferli sem að frumvarpsgerðinni lítur þá telja Samtökin að nokkuð góð sátt ætti að geta náðst um frumvarp forsætisráðherra um vísinda- og tækniráð. Þá er sérstaklega horft til þess að með þessu nýja ráði er vísinda- og tæknimálum gert hærra undir höfði í stjórnkerfinu og vonandi með þeim árangri að áherslur verði auknar á málaflokkinn. Samtökin vilja þó benda á nauðsyn þess að tryggja betur tengslin við atvinnulífið en fram kemur í 18 manna ráði þar sem Samtök atvinnulífsins hafa aðeins tvo fulltrúa og fulltrúar launþega 2. Þetta telja Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins allt of lítið vægi fyrir sjónarmið fyrirtækja og atvinnulífs. Samtökin telja að 4 fulltrúar SA væru nær lagi.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins hafa hins vegar meiri efasemdir um frumvörp menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra sem ganga nokkuð langt í að tvískipta skipulagi málaflokksins án þess að fyrir liggi skýr stefna. Það er t.d. vafasamt að það sé hagkvæmt að skipta þjónustustarfseminni við vísindarannsóknir og tæknirannsóknir í tvennt. Það er auk þess of þungt í vöfum og óhagkvæm stjórnsýsla að binda innra skipulag stofnana og ráða í lög sem aftur kallar á lagabreytingu ef breyta þarf á seinni stigum, t.d. að lokinni stefnumótun hins nýja vísinda- og tækniráðs.

Megin gallinn á allri þeirri lagasmíð sem hér er á ferðinni er hins vegar að ekkert er gefið upp um stærð og umfang Tækniþróunarsjóðs, sem augljóslega mun snúa meira að fyrirtækjaumhverfinu. Hins vegar kemur fram að eignir og skuldbindingar Tæknisjóðs Rannís muni falla inn í Rannsóknasjóð. Það er augljóst af framansögðu að stærð og umfang Tækniþróunarsjóðs og stjórnskipulag hans mun ráða miklu um afstöðu Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins til þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru. Samtökin telja að árlegt ráðstöfunarfé Tækniþróunarsjóðs þurfi að vera a.m.k. 800-1000 milljónir kr. til að byrja með til að mæta þeirri brýnu þörf sem nú blasir við í nýsköpunarumhverfinu. Þessi framlög þyrfti síðan að auka í a.m.k. 2 milljarða á 3-5 ára tímabili.

Það er því von Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins að brugðist verði við framangreindum athugasemdum áður frumvörpin verða að lögum.

Með kveðju
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Ari Edvald
framkvæmdastjóri SA

Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri SI